



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. mars 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja). (Þingskjal 183 — 114. mál.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á
almennum hegningarlögum nr 19/1940 (bann við umskurði drengja)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það.

Afstaða Barnaheilla til umskurða á drengjum er eftirfarandi:

Samtökin hvetja til þess að settar séu lágmarksreglur um framkvæmd á umskurðum á drengjum. Barnaheill eru þeirrar skoðunar að umskurð eigi ekki að framkvæma nema í samráði við barnið sjálft þegar það hefur þroska og aldur til að taka upplýsta ákvörðun um umskurð á sér, nema að læknir telji nauðsynlegt af heilsufarsástæðum að umskurður verði gerður á barninu.

Afstaða samtakanna byggist á ákvæðum Barnasáttmálans:

12. gr. og 13. gr. sem kveða á um að barn eigi rétt til að láta frjálsglega í ljós og tjá skoðun sína um málefni sem það varða,
14. gr. sem varðar sjálfstætt trúfrelsi barns,
16. gr. sem kveður á um friðhelgi einkalífs barns,
19. gr. sem kveður á um skyldur ríkja til að vernda barn gegn líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum og/eða illri meðferð,
24. gr. sem kveður á um rétt barns til bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu og heilsufars og sérstaklega 3. mgr. sem skyldar ríki til að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vinna gegn hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna.
Og jafnframt á 2. gr., bann við mismunun, 3. gr., sem skyldar ríki til að taka ákvarðanir byggðar á því sem barni er talið fyrir bestu og 6. gr., sem kveður á um að barn skuli eiga rétt til að lifa og þroskast við bestu mögulegu aðstæður.

Að mati Barnaheilla á að virða sjálfsákvörðunarrétt barns um aðgerðir eins og umskurð og aðrar óafturkræfar aðgerðir sem ekki eru metnar nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum. Vitað er að umskurður á getnaðarlim ungbarns er afar sársaukafull aðgerð sem veldur barninu alvarlegu áfalli sem getur haft mikil áhrif á líf þess. Slík ónauðsynleg aðgerð sem m.a. er ekki gerð með deyfingu eða svæfingu, því það er ekki hægt vegna ungs aldurs barnsins, er að mati Barnaheilla ómannúðleg meðferð á barni og með engu réttlætunleg.

Barnaheill virða rétt barna til að velja sjálf hvaða trú og lífsafstöðu þau vilja eiga og iðka, en virða jafnframt rétt og skyldu foreldra til að veita barni kærleiksríkt og leiðbeinandi uppeldi í siðum og venjum sem tilheyra menningu þeirra, sbr. 30. gr. Barnasáttmálans. Foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga eins og segir í 18. gr. Barnasáttmálans.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi - Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

Að mati Barnaheilla er ekki þörf á eða viðeigandi að kveða á um bann við umskurði drengja í almennum hegningarlögum. Sú skoðun byggist aðallega á því að í fæstum tilfellum er um að ræða ásetning um ofbeldi af hálfu þess sem framkvæmir umskurð eða af hálfu forsjáradila sem fara fram á að barn sé umskorið. Því má ætla að ógerlegt sé að beita ákvæðinu þar sem ekki verður sýnt fram á ásetning um að skaða barnið. Þvert á móti eru miklar líkur á að þeir sem standa að ákvörðun um að láta umskera sveinbarn vilji því það besta og telji sig vera að gera barninu gott. Um er að ræða viðkvæmt málefni sem þarf að vinna með samfélagslegri viðhorfsbreytingu og í sem mestri sátt. Að mati samtakanna á betur við að settar verði reglur í barnalög eða barnaverndarlög þar sem því verði lýst að ekki skuli framkvæma umskurð á barni, í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum nema í fullu samráði við barnið og að beiðni þess sjálfs, t.d. þegar barn hefur náð 16 ára aldri í samræmi við lög um réttindi sjúklunga. Ákvæði þess efnis gætu m.a. átt heima sem viðbót við 3. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003 og/eða sem viðbót við 98. eða 99. gr. bvl., nr. 80/2002.

Um framkvæmd umskurða á börnum í læknisfræðilegum tilgangi skuli gilda lög um réttindi sjúklunga og aðrar reglur um viðeigandi aðbúnað við framkvæmd aðgerða. Einnig mæla Barnaheill með að sett verði sérstök reglugerð um framkvæmd umskurða á ungbörnum í læknisfræðilegum tilgangi, í samráði við barnalækna.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja mikla áherslu á að börn eiga sjálfstæð mannréttindi og ber foreldrum að þekkja þau og virða. Að mati Barnaheilla eiga börn að hafa sjálfsákvörðunarrétt um líkamlegar aðgerðir sem ekki teljast nauðsynlegar í læknisfræðilegum tilgangi. Jafnframt eiga börn rétt á að velja sér eigin trú og lífsafstöðu eftir því sem aldur og þroski gerir þeim kleift. Ef barn er umskorið á unga aldri áður en það sjálf getur myndað sér sjálfstæða skoðun á hvaða trúarbrögð það aðhyllist og vilji iðka er verið að taka fram fyrir rétt barns til að velja sjálf, að mati Barnaheilla.